

# HS Veitur hf.

---

Samandreginn  
árshlutareikningur  
**1.1.-30.6.2026**

# HS Veitur hf.

---

## Samandreginn árshlutareikningur 1.1.-30.6.2026

### Efnisyfirlit

|                                             |      |
|---------------------------------------------|------|
| Könnunarályktun óháðs endurskoðanda         | 2    |
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3-4  |
| Yfirlit um heildarafkomu                    | 5    |
| Efnahagsreikningur                          | 6    |
| Yfirlit um sjóðstreymi                      | 7    |
| Yfirlit um eigið fé                         | 8    |
| Skýringar                                   | 9-13 |

---

# Könnunarályktun óháðs endurskoðanda

---

**Til stjórnar og hluthafa í HS Veitum hf.**

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## **Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum**

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

## **Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## **Ábyrgð endurskoðanda**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningnum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## **Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2026 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 16. september 2026

**Deloitte ehf.**

Kristján Þór Ragnarsson  
endurskoðandi

Heiðar Þór Karlsson  
endurskoðandi

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins kr. 6.152 milljónum og nam heildarhagnaður kr. 663 milljónum. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 41.079 milljónum, bókfært eigið fé er kr. 17.442 milljónir og er eiginfjárlutfall félagsins 42,5%. Á tímabilinu voru keypt eigin bréf að fjárhæð 1.000 milljónir króna.

Í lok tímabilsins voru hluthafar í félaginu 3 en þeir eru:

Reykjanesbær með 50,1% hlut, HSV Eignarhaldsfélag slhf. með 49,8% hlut og Suðurnesjabær með 0,1% hlut.

Jarðskjálftar og eldgos hafa verið áberandi á Reykjanesi undanfarin ár en nú er liðið meira en ár frá síðasta eldgosi og óvíst hvert framhaldið verður enda hefur goslokum ekki enn verið lýst yfir. Talið er að um langvarandi goshrinu gæti verið að ræða og líkur á endurteknum jarðhræringum og eldgosum næstu árin. Náttúruhamfarir á Reykjanesi hafa valdið skemmdum á dreifikerfum HS Veitna í Grindavík og eru þau að hluta til löskuð í bænum eftir jarðsig, jarðgliðnun og hraunflæði með tilheyrandi kostnaði, tekjutapi og tjóni á eignum fyrirtækisins. Félagið hefur þurft að ráðast í fjölmargar viðgerðir og framkvæmdir á veitukerfum í og við Grindavík til þess að halda uppi þjónustu við viðskiptavinum. HS Veitur hafa í samstarfi við stjórnvöld, sveitarfélögin á Suðurnesjum og aðra hagaðila gripið til ýmissa aðgerða til að verja eignir og minnka líkur á þjónusturofi, meðal annars með styrkingu rafdreifikerfisins og uppsetningu varavatsnbóls og neyðarkyndistöðva. HS Veitur eru enn fremur þátttakandi í yfirstandandi greiningu stjórnvalda á því í hvaða frekari mótvægisáðgerðir er unnt að ráðast, til að auka áfallapol orku- og veitukerfanna á svæðinu enn frekar.

Þrátt fyrir að ekki séu taldar líkur á langvarandi rafmagnsleysi vegna mögulegra náttúruhamfara á Reykjanesi þá er enn áhætta í rekstri HS Veitna hvað varðar raforkuöryggi á Suðurnesjum á meðan Suðurnesjalína 2 er ekki komin í gagnið. Á árinu 2024 fékk Landsnet framkvæmdaleyfi eftir margra ára leyfisferli og er áætlað að Suðurnesjalína 2 verði tekin í notkun í ársbyrjun 2027 sem mun auka raforkuöryggi á Reykjanesi verulega.

Vegna þeirra óvissu sem til staðar er varðandi framtíð veitukerfa félagsins í Grindavík, hafa ekki verið færðar neinar varúðarfærslur í ársuppgjörinu. Viðræður standa yfir við NTÍ varðandi uppgjör tjónabóta á þeim eignum sem þegar hafa fengið tjónamat. Félagið fékk á árinu 2025 um 169 m.kr. í tjónabætur og væntir frekari greiðslna á árinu 2026.

Að undanfögnu hefur Vestmannaeyjabæjar unnið að því að leggja nýja neðansjávarvatnslögn til Vestmannaeyja í kjölfar þess að fyrirliggjandi neðansjávarlögn varð fyrir skemmdum árið 2023. Við lagningu nýrrar neðansjávarlagnar í sumar varð hún fyrir tjóni enn ekki liggur fyrir hvort lögnin verður nothæf eða ekki. HS Veitur eiga og reka vatnsveituna í Vestmannaeyjum og þurfa því áfram að treysta á fyrirliggjandi neðansjávarlögn og áfram er áhætta í því fólgin. Til staðar eru viðbragðsáætlanir til að lágmarka áhrif á starfsemina í Vestmannaeyjum ef neðansjávarlögnin rofnar. Tekjur af vatnsveitunni í Vestmannaeyjum nema 2,98% af heildartekjum HS Veitna.

Þrátt fyrir ofangreinda atburði teljum við rekstrarhæfi félagsins gott og horfur um rekstur fyrirtækisins eru góðar.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra HS Veitna hf. að í árshlutareikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 30. júní 2026, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026.

Stjórn og forstjóri HS Veitna hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 16. september 2026

## **Í stjórn**

Kristján Pétur Kristjánsson  
stjórnarformaður

Heiðar Guðjónsson

Gunnlaugur Kárason

Ómar Örn Tryggvason

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Þórunn Helga Þórðardóttir

Margrét Sanders

## **Forstjóri**

Páll Erland

## Yfirlit um heildarafkomu 1.1.-30.06.2026

|                                                |   | 2026<br>01.01.-30.06. | 2025<br>01.01.-30.06. |
|------------------------------------------------|---|-----------------------|-----------------------|
| Rekstrartekjur .....                           | 6 | 6.151.567             | 5.553.408             |
| Kostnaðarverð sölu .....                       |   | (3.883.375)           | (3.483.102)           |
| <b>Vergur hagnaður</b>                         |   | <u>2.268.192</u>      | <u>2.070.306</u>      |
| Annar rekstrarkostnaður .....                  |   | (601.266)             | (600.809)             |
| <b>Rekstrarhagnaður</b>                        |   | <u>1.666.926</u>      | <u>1.469.497</u>      |
| Fjármunatekjur .....                           |   | 199.061               | 97.809                |
| Fjármagnsgjöld .....                           |   | (1.098.027)           | (634.300)             |
| Gengismunur .....                              |   | 358                   | 95                    |
|                                                | 7 | <u>(898.608)</u>      | <u>(536.396)</u>      |
| <b>Hagnaður fyrir skatta</b>                   |   | 768.317               | 933.101               |
| Tekjuskattur .....                             |   | (105.731)             | (130.700)             |
| <b>Heildarhagnaður tímabilsins</b>             |   | <u><u>662.586</u></u> | <u><u>802.401</u></u> |
| <b>Hagnaður á hlut:</b>                        |   |                       |                       |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut ..... |   | 1,03                  | 1,14                  |
| <b>Aðrar upplýsingar:</b>                      |   |                       |                       |
| EBITDA .....                                   |   | 2.293.560             | 2.071.362             |

## Efnahagsreikningur 30. júní 2026

| Eignir                                           |    | 30.6.2026         | 31.12.2025        |
|--------------------------------------------------|----|-------------------|-------------------|
| <b>Fastaffjármunir</b>                           |    |                   |                   |
| Varanlegir rekstrarffjármunir .....              |    | 34.193.102        | 33.252.091        |
| Óefnislegar eignir .....                         |    | 349.247           | 359.331           |
| Leigueignir .....                                |    | 321.688           | 317.939           |
| Eignarhlutar í félögum .....                     |    | 34.214            | 34.214            |
|                                                  |    | <u>34.898.251</u> | <u>33.963.575</u> |
| <b>Veltuffjármunir</b>                           |    |                   |                   |
| Vörubirgðir .....                                |    | 888.280           | 830.887           |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....   |    | 1.172.448         | 1.525.466         |
| Handbært fé .....                                |    | 4.120.263         | 4.940.472         |
|                                                  |    | <u>6.180.991</u>  | <u>7.296.825</u>  |
| <b>Eignir</b>                                    |    | <u>41.079.241</u> | <u>41.260.400</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>                       |    |                   |                   |
| <b>Eigið fé</b>                                  |    |                   |                   |
| Hlutfé .....                                     |    | 622.980           | 659.780           |
| Lögbundinn varasjóður .....                      |    | 155.745           | 164.945           |
| Endurmatsreikningur .....                        |    | 3.569.467         | 3.653.496         |
| Óráðstafað eigið fé .....                        |    | 13.093.658        | 13.301.043        |
|                                                  |    | <u>17.441.851</u> | <u>17.779.264</u> |
| <b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>         |    |                   |                   |
| Vaxtaberandi skuldir .....                       | 8  | 17.205.379        | 17.231.240        |
| Leiguskuldbindingar .....                        | 10 | 377.718           | 367.215           |
| Fyrirframinnheimtar tekjur .....                 |    | 268.236           | 302.555           |
| Tekjuskattsskuldbinding .....                    |    | 2.442.375         | 2.387.736         |
|                                                  |    | <u>20.293.708</u> | <u>20.288.746</u> |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                          |    |                   |                   |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir ..... |    | 1.768.741         | 1.396.416         |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda .....        |    | 1.452.411         | 1.373.343         |
| Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga .....    |    | 2.233             | 2.107             |
| Ógreiddir reiknaðir skattar .....                |    | 51.092            | 351.318           |
| Fyrirframinnheimtar tekjur .....                 |    | 69.207            | 69.207            |
|                                                  |    | <u>3.343.683</u>  | <u>3.192.390</u>  |
|                                                  |    | <u>23.637.391</u> | <u>23.481.136</u> |
|                                                  |    | <u>41.079.241</u> | <u>41.260.400</u> |

## Yfirlit um sjóðstreymi 1.1.-30.6 2025

|                                                   | 2026<br>01.01.-30.06. | 2025<br>01.01.-30.06. |
|---------------------------------------------------|-----------------------|-----------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                         |                       |                       |
| Rekstrarhagnaður .....                            | 1.666.926             | 1.511.973             |
| Afskriftir .....                                  | 626.635               | 601.857               |
| Söluhagnaður fastafjármuna .....                  | (169.192)             | (5.259)               |
| Breyting niðurfærslu viðskiptakrafna .....        | (14.100)              | 6.745                 |
| <b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>     | <b>2.110.269</b>      | <b>2.115.316</b>      |
| Vörubirgðir, (hækkun) .....                       | (57.393)              | (51.160)              |
| Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun .....         | 399.558               | 95.571                |
| Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) .....    | 166.992               | (4.184)               |
| Fyrirframinnheimtar tekjur, (lækkun) .....        | (34.319)              | (34.319)              |
| <b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b> | <b>2.585.107</b>      | <b>2.121.223</b>      |
| Innborgaðir vextir og arður .....                 | 170.952               | 66.466                |
| Greiddir vextir .....                             | (339.572)             | (255.478)             |
| Greiddir skattar .....                            | (148.883)             | (93.321)              |
| <b>Handbært fé frá rekstri</b>                    | <b>2.267.604</b>      | <b>1.838.890</b>      |
| <b>Fjárfestingahreyfingar</b>                     |                       |                       |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....  | (1.560.930)           | (884.400)             |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....         | 176.172               | 8.684                 |
|                                                   | <b>(1.384.759)</b>    | <b>(875.717)</b>      |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                     |                       |                       |
| Afborganir langtímaskulda .....                   | (701.992)             | (562.881)             |
| Afborganir leiguskuldbindinga .....               | (1.063)               | (969)                 |
| Keypt eigin bréf .....                            | (1.000.000)           | 0                     |
|                                                   | <b>(1.703.055)</b>    | <b>(563.850)</b>      |
| (Lækkun), hækkun handbærs fjár .....              | (820.210)             | 399.323               |
| Handbært fé í upphafi tímabils .....              | 4.940.472             | 1.248.125             |
|                                                   | <b>4.120.263</b>      | <b>1.647.448</b>      |

## Eiginfjáryfirlit 1.1.-30.06.2026

|                                                  | Hlutfé   | Lögbundinn<br>varasjóður | Endurmats-<br>reikningur | Óráðstafað<br>eigið fé | Samtals<br>eigið fé |
|--------------------------------------------------|----------|--------------------------|--------------------------|------------------------|---------------------|
| Eigið fé 1. janúar 2025 .....                    | 700.950  | 175.238                  | 3.824.425                | 12.323.256             | 17.023.868          |
| Leiðrétting vegna kaupa á heitu vatni .....      |          |                          |                          | (79.416)               |                     |
| Eigið fé 1. janúar 2025 eftir leiðréttingu ..... | 700.950  | 175.238                  | 3.824.425                | 12.243.840             | 17.023.868          |
| Keypt eigin bréf .....                           |          |                          |                          |                        | 0                   |
| Heildarafkoma tímabilsins .....                  |          |                          |                          | 802.401                | 802.401             |
| Upplausn afskrifta af endurmati .....            |          |                          | (85.535)                 | 85.535                 | 0                   |
| Eigið fé 30. júní 2025 .....                     | 700.950  | 175.238                  | 3.738.889                | 13.131.776             | 17.826.269          |
| Eigið fé 1. janúar 2026 .....                    | 659.780  | 164.945                  | 3.653.496                | 13.301.043             | 17.779.264          |
| Keypt eigin bréf .....                           | (36.800) | (9.200)                  |                          | (954.000)              | (1.000.000)         |
| Heildarafkoma tímabilsins .....                  |          |                          |                          | 662.586                | 662.586             |
| Upplausn afskrifta af endurmati .....            |          |                          | (84.029)                 | 84.029                 | 0                   |
| Eigið fé 30. júní 2026 .....                     | 622.980  | 155.745                  | 3.569.467                | 13.093.658             | 17.441.850          |

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 623 millj. kr. þann 30. júní 2026 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu, auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Gerð er leiðrétting á samanburðarfjárhæðum í árshlutareikningnum og óráðstöfuðu eigin fé í ársbyrjun 2025 vegna villu í útgefnum reikningum frá HS Orku vegna heildsöluviðskipta með heitt vatn vegna árána 2022-2025. Um er að ræða áætlaðan kostnað að fjárhæð samtals um 190 m.kr. að fráðregnum tekjuskattsáhrifum eða nettó 152 m.kr. Skuldbinding að fjárhæð 190 m.kr hefur verið sett í efnahagsreikninginn og ógreiddir skattar vegna tímabilsins janúar - júní 2026 lækkaðir um 38 m.kr. Formlega verður gengið frá samningum við HS Orku í september 2026.

Óráðstafað eigið fé 1/1 2025 er lækkað um 79,4 m.kr. vegna árána 2022-2024. Samanburðatölum í rekstri vegna tímabilsins 1/1-30/6 2025 hefur verið breytt þannig að kostnaðarverð sölu var hækkað um 42,5 m.kr. og tekjuskattur ársins lækkaður um 8,5 m.kr eða nettó neikvæð áhrif á afkomu 34 m.kr. Á seinni hluta ársins 2025 eru áhrifin á kostnaðarverð sölu 48,3 m.kr. og lækkun á tekjuskatt að fjárhæð 9,7 m.kr. eða nettó áhrif á afkomu neikvæð um 38,6 m.kr. Eigið fé 1. janúar 2026 hefur verið leiðrétt í samræmi við framangreindar upplýsingar.

# Skýringar

---

## 1. Félagið

HS Veitur hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Lögheimili þess er að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 34 sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

og ætti að lesa í samhengi við ársreikning fyrir árið 2025. Við gerð árshlutareiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings 2025. Hægt er að nálgast ársreikning félagsins á vef þess [www.hsveitur.is](http://www.hsveitur.is)

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

## 4. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif notkun reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingunum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Samandreginn árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026 var samþykktur af stjórn þann 16. september 2026.

## 5. Stýring fjármálalegrar áhættu

### Yfirlit

Stjórn félagsins ber að innleiða áhættustýringu og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu þess.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

### Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

### Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við félagið og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptavina er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Innheimtustjóri skoðar reglulega tölulegar upplýsingar um breytingar á aldri viðskiptakrafna. Viðskiptamenn sem ekki standa í skilum geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar eða innheimtudeild félagsins samþykki frekari úttektir á grundvelli samkomulags.

# Skýringar

## 5. Stýring fjármálalegrar áhættu (framhald)

### Lánsáhætta

#### Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna og framtíðarhorfa.

### Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

### Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

### Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins, tekjur og gjöld eru nær einvörðungu í íslenskum krónum.

### Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru allar með föstum verðtrygðum vöxtum. Snýr því vaxtaáhætta félagsins fyrst og fremst að áhættu vegna verðlagsbreytinga.

### Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

### Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Í skuldabréfaútgáfum félagsins eru ákvæði þess efnis að það er heimild til gjaldfellingar bréfanna fari eiginfjárlutfall undir 35%.

### Rekstraráhætta

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 2026 er leyft WACC 5,8% fyrir skatta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjurammi er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

Á grundvelli ákvæða laga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla er ekki færð skuldbinding vegna hugsanlega oftekinna tekna. Uppsafnaðar tekjuheimildir HS Veitna hf. í árslok 2025 voru ofteknar um 278 milljónir króna.

# Skýringar

## 6. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins. Enginn viðskiptavinur er með yfir 10% af heildartekjum ársins.

| 1. janúar til 30. júní 2026                              | Raforku-<br>dreifing | Heitt vatn<br>sala og dreifing | Ferskt vatn<br>sala og dreifing | Annað    | Samtals           |
|----------------------------------------------------------|----------------------|--------------------------------|---------------------------------|----------|-------------------|
| Rekstrartekjur samtals .....                             | 3.408.140            | 2.071.927                      | 601.918                         | 69.581   | 6.151.567         |
| Rekstrarafkoma starfsþátta .....                         | 857.598              | 572.227                        | 247.767                         | (10.666) | 1.666.926         |
| <b>Óskiptir liðir:</b>                                   |                      |                                |                                 |          |                   |
| Fjármagnsliðir .....                                     |                      |                                |                                 |          | (898.608)         |
| Tekjuskattur .....                                       |                      |                                |                                 |          | (105.731)         |
| Heilarhagnaður tímabilsins .....                         |                      |                                |                                 |          | <u>662.586</u>    |
| Eignir starfsþátta .....                                 | 21.909.570           | 9.251.609                      | 3.637.582                       | 65.275   | 34.864.037        |
| Óskiptar eignir .....                                    |                      |                                |                                 |          | <u>6.215.205</u>  |
| Eignir samtals .....                                     |                      |                                |                                 |          | <u>41.079.241</u> |
| Óskiptar skuldir .....                                   |                      |                                |                                 |          | 23.637.391        |
| Fjárfestingar .....                                      | 907.805              | 422.391                        | 128.260                         | 102.474  | 1.560.930         |
| Afskriftir .....                                         | 377.143              | 180.965                        | 67.391                          | 1.135    | 626.635           |
| Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta ..... |                      |                                |                                 |          | 2.293.560         |

| 1. janúar til 30. júní 2025                              | Raforku-<br>dreifing | Heitt vatn<br>sala og dreifing | Ferskt vatn<br>sala og dreifing | Annað    | Samtals           |
|----------------------------------------------------------|----------------------|--------------------------------|---------------------------------|----------|-------------------|
| Rekstrartekjur samtals .....                             | 3.156.823            | 1.820.000                      | 537.783                         | 38.801   | 5.553.408         |
| Rekstrarafkoma starfsþátta .....                         | 768.328              | 446.910                        | 267.174                         | (12.915) | 1.469.497         |
| <b>Óskiptir liðir:</b>                                   |                      |                                |                                 |          |                   |
| Fjármagnsliðir .....                                     |                      |                                |                                 |          | (536.396)         |
| Tekjuskattur .....                                       |                      |                                |                                 |          | (130.700)         |
| Heilarhagnaður tímabilsins .....                         |                      |                                |                                 |          | <u>802.401</u>    |
| Eignir starfsþátta .....                                 | 20.317.603           | 8.919.851                      | 3.420.991                       | 62.844   | 32.721.290        |
| Óskiptar eignir .....                                    |                      |                                |                                 |          | <u>4.015.166</u>  |
| Eignir samtals .....                                     |                      |                                |                                 |          | <u>36.736.455</u> |
| Óskiptar skuldir .....                                   |                      |                                |                                 |          | 18.837.598        |
| Fjárfestingar .....                                      | 638.906              | 144.195                        | 68.766                          | 32.533   | 884.400           |
| Afskriftir .....                                         | 357.056              | 178.413                        | 65.428                          | 968      | 601.865           |
| Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta ..... |                      |                                |                                 |          | 2.071.362         |

# Skýringar

## 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig:                      | 1.1.-30.6.2026     | 1.1.-30.6.2025   |
|------------------------------------------------------|--------------------|------------------|
| Vaxtatekjur af bankareikningum .....                 | 174.020            | 72.574           |
| Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....                 | 21.948             | 23.943           |
| Arður af hlutabréfaeign .....                        | 1.225              | 1.225            |
| Aðrar vaxtatekjur .....                              | 1.867              | 67               |
|                                                      | <u>199.061</u>     | <u>97.809</u>    |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig:                      |                    |                  |
| Vaxtagjöld af langtímalánum .....                    | (350.373)          | (261.937)        |
| Verðbætur langtímalána .....                         | (745.443)          | (370.570)        |
| Vaxtagjöld af skammtímaskuldum .....                 | (1.071)            | (1.022)          |
| Annar fjármagnskostnaður .....                       | (1.140)            | (772)            |
|                                                      | <u>(1.098.027)</u> | <u>(634.300)</u> |
| Gengismunur fjáreigna og fjárskulda greinist þannig: |                    |                  |
| Gengismunur .....                                    | 358                | 95               |
|                                                      | <u>358</u>         | <u>95</u>        |
|                                                      | <u>(898.608)</u>   | <u>(536.396)</u> |

## 8. Vaxtaberandi skuldir

|                                                         | Skuldir við lánastofnanir |                    |
|---------------------------------------------------------|---------------------------|--------------------|
|                                                         | 30.6.2026                 | 31.12.2025         |
| Vaxtaberandi skuldir .....                              | 18.657.789                | 18.604.583         |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....           | 18.657.789                | 18.604.583         |
|                                                         | <u>(1.452.411)</u>        | <u>(1.373.343)</u> |
| Langtímaskuldir í árslok .....                          | <u>17.205.379</u>         | <u>17.231.240</u>  |
| Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:          |                           |                    |
|                                                         | 30.6.2026                 | 31.12.2025         |
| Afborganir 1.7.2026-30.6.2027 / 2026 .....              | 1.452.411                 | 1.373.343          |
| Afborganir 1.7.2027-30.6.2028 / 2027 .....              | 1.502.925                 | 1.421.098          |
| Afborganir 1.7.2028-30.6.2029 / 2028 .....              | 1.555.216                 | 1.470.533          |
| Afborganir 1.7.2029-30.6.2030 / 2029 .....              | 1.609.346                 | 1.521.706          |
| Afborganir 1.7.2030-30.6.2031 / 2030 .....              | 1.665.381                 | 1.574.679          |
| Afborganir síðar .....                                  | 11.089.961                | 11.474.761         |
|                                                         | <u>18.875.239</u>         | <u>18.836.120</u>  |
| Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:                    |                           |                    |
|                                                         | 30.6.2026                 | 31.12.2025         |
| Óveðtryggt skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum..... | 3,42%                     | 3,47%              |

Afföll vaxtaberandi skulda nema um 217,5 milljónum króna þann 30. júní 2026 (31. desember 2025: 231,5 mkr) og eru færð til lékkunar bókfærðu virði og gjaldfærð yfir lífúmann.

# Skýringar

## 9. Þjónustu- og verkkaupasamningar

Félagið selur þjónustu til HS Orku hf. á sviði reikningagerðar og innheimtu samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna.

## 10. Leiguskuldbindingar

|                                                | Leiguskuldbindingar |            |
|------------------------------------------------|---------------------|------------|
|                                                | 30.6.2026           | 31.12.2025 |
| Leiguskuldbindingar .....                      | 379.951             | 369.322    |
| Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga .....  | (2.233)             | (2.107)    |
| Langtímaskuldir í árslok .....                 | 377.718             | 367.215    |
| Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig: |                     |            |
|                                                | 30.6.2026           | 31.12.2025 |
| 1.7.2026-30.6.2027 / 2026 .....                | 2.233               | 2.107      |
| 1.7.2027-30.6.2028 / 2027 .....                | 2.355               | 2.212      |
| 1.7.2028-30.6.2029 / 2028 .....                | 2.484               | 2.334      |
| 1.7.2029-30.6.2030 / 2029 .....                | 2.621               | 2.462      |
| 1.7.2030-30.6.2031 / 2030 .....                | 2.764               | 2.597      |
| Afborganir síðar .....                         | 367.493             | 357.611    |
|                                                | 379.951             | 369.322    |

Undirritunarsíða

Varaformaður  
Heiðar Guðjónsson

Meðstjórnandi  
Margrét Ólöf A Sanders

Meðstjórnandi  
Ómar Örn Tryggvason

Meðstjórnandi  
Þórunn Helga Þórðardóttir

Stjórnarformaður  
Kristján Pétur Kristjánsson

Meðstjórnandi  
Gunnlaugur Kárason

Meðstjórnandi  
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Forstjóri  
Páll Erland Landry

Endurskoðandi  
Kristján Þór Ragnarsson

Endurskoðandi  
Heiðar Þór Karlsson